

## Dómsmálaráðuneytið

### Minnisblað

Viðtakandi: Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis  
Sendandi: Dómsmálaráðuneytið  
Dagsetning: 08.03.2023  
Málsnúmer: DMR22100238  
Bréfalykill: 10.1

Efni: Minnisblað til Alþingis vegna frumvarps um breytingar á lögreglulögum

Vísað er til tölvubréfs frá skrifstofu Alþingis, dags. 28. febrúar sl., þar sem óskað er eftir minnisblaði frá dómsmálaráðuneytinu vegna frumvarps um breytingar á lögreglulögum nr. 90/1996 Er óskað eftir athugasemdum vegna þeirra umsagna sem hafa borist allsherjar- og menntamálanefnd vegna frumvarpsins með vísan til 51. gr. laga um þingsköp Alþingis. 14 umsagnir bárust nefndinni og verður hér fjallað um efni þeirra eftir því sem við á og brugðist við tillögum sem þar koma fram um mögulegar breytingar á frumvarpinu.

#### *i) Íslandsdeild Amnesty International*

Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í staflíðum 1. - 7. í umsögninni. Við gerð frumvarpsins var höfð rík hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem þar koma fram og í hvívetna gætt að þær heimildir sem mælt er fyrir um hafi skýra lagastoð, séu nauðsynlegar og gangi ekki lengra en þörf krefur. Þá munu aðgerðir lögreglu á grundvelli ákvæða frumvarpsins njóta verndar samkvæmt ákvæðum laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi og sérstöku eftirliti er komið á fót varðandi aðgerðir lögreglu í þágu afbrotavarna sem tryggir að einstaklingar geti leitað réttar síns hafi þeir sætt eftirliti af hálfu lögreglu að ósekju.

Ráðuneytið leggur áherslu á að frumvarpið veitir lögreglu ekki víðtækar heimildir til að fylgjast með einstaklingum sem ekki eru grunaðir um afbrot. Hið rétta er að frumvarpið kveður á um skýrt afmarkaða heimild til að hafa tímabundið eftirlit með einstaklingum sem lögreglu hefur upplýsingar um að tengist skipulögðum brotasamtökum eða sem sérgreind hættu er talin stafa af fyrir almannaöryggi eða öryggi ríkisins. Slíku eftirliti verður ekki beitt í öðrum tilgangi og eftirlit þetta nær aðeins til þess að fylgjast með ferðum einstaklinga á almannafæri en ekki t.d. til þess að fá aðgang að fjarskiptagögnum viðkomandi eða hlusta á símtöl. Slíkar aðgerðir verða eftir sem áður aðeins grundvallaðar á ákvæðum sakamála laga að undangengnum úrskurði dómstóla.

Loks telur ráðuneytið að fyrirhugað utanaðkomandi eftirlit með heimildum lögreglu á sviði afbrotavarna sé fullnægjandi og nægjanlega sjálfstætt. Nefnd um eftirlit með lögreglu er sjálfstæð stjórnarsýslunefnd og verður ákvörðunum hennar ekki skotið til æðra stjórnvalds. Þá er í frumvarpinu kveðið á um að nefndin skuli skila skýrslu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis og er þannig tryggt að Alþingi fái fullnægjandi upplýsingar um umfang og eftirlit með aðgerðum lögreglu á þessu sviði.

#### *ii) Landssamband lögrelmanna (LL)*

Ráðuneytið gerir ekki athugasemdir við efni umsagnarinnar er lýtur að heimildum lögreglu á sviði afbrotavarna.

Ráðuneytið tekur ekki undir athugasemd þess efnis að frumvarpið muni flækja eftirlit með störfum lögreglu. Hið innra eftirlit sem kveðið er á um í frumvarpinu hefur skýran tilgang og markmið sem eru annars eðlis en eftirlit af hálfu annarra aðila á borð við nefnd um eftirlit með lögreglu og embætti ríkissaksóknara. Slíkt innra eftirlit með störfum lögreglu til að tryggja gæði löggæslu og að starfað sé

í samræmi við lög og viðurkennt verklag er viðhaft í öllum nágrannaríkjum og er alþekkt fyrirkomulag til að tryggja heilindi, gagnsæi og lögmæti í starfi lögreglu. Fram til þessa hafa einstök lögregluembætti viðhaft slíkt eftirlit án þess þó að það hafi verið samræmt eða lögfest með nokkrum hætti. Með frumvarpi þessu er því stigið mikilvægt skref í þá átt að samræma og formfesta innra eftirlit með starfi lögreglu á landsvísu.

Í umsögninni er gerð athugasemd við ákvæði 1. gr. b. um skyldu sem lögð er á lögreglustjóra til að afhenda innra eftirliti þau gögn sem því er nauðsynlegt að fá til að geta sinnt hlutverki sínu. Ráðuneytið tekur ekki undir það að ákvæði þessa efnis í frumvarpinu sé óskýrt eða ólíklegt til að ná markmiðum sínum. Með frumvarpinu er komið á fót sérstakri einingu sem staðsett verður innan embættis ríkislögreglustjóra og nefnist innra eftirlit. Gæðastjóri lögreglu fer með forstöðu og stjórn innra eftirlits. Skyldan til að afhenda gögn snertir starf innra eftirlits í heild sinni og er því kveðið á um að afhenda skuli einingunni gögn en ekki aðeins gæðastjóra. Er sami háttur því hafður á hér og á við um nefnd um eftirlit með lögreglu, en samkvæmt 6. mgr. 35. gr. a. lögreglulaga er lögreglustjórum skylt að afhenda nefndinni öll þau gögn sem hún þarf á að halda en ekki aðeins formanni nefndarinnar. Fullt samræmi verður því með ákvæðum þessa efnis í lögreglulögum um afhendingu gagna til eftirlitsaðila. Þá er ekki talið að skyldan sé of óskýr vegna annarra ákvæða um afhendingu gagna eða vegna þess að innra eftirlit kunni að þurfa að fá afhent gögn frá öðrum stjórnvöldum. Ákvæði þetta mun, líkt og lagaákvæði almennt, verða túlkað í samræmi við önnur ákvæði sem kunna að hafa áhrif á inntak þess og beitingu en þau ákvæði sem sérstaklega eru tiltekin í umsögninni krefjast ekki að mati ráðuneytisins að sérstaklega verði fjallað um samspil þeirra í frumvarpinu. Þá mun gæðastjóri og starfsfólk innra eftirlits lögreglu lúta sömu þagnarskylduákvæðum og starfsfólk lögreglu almennt og ákvæði 11. gr. gera innra eftirliti kleift að afla upplýsinga og gagna sem það þarf frá öðrum stjórnvöldum til að sinna hlutverki sínu.

Ráðuneytið tekur ekki undir athugasemd í umsögn um að ákvæði 4. gr. um gæðastjóra sé óljóst að efni til. Hlutverk gæðastjóra er skýrlega afmarkað í ákvæðinu og er ljóst að hlutverk hans og eðli eftirlitsins er af öðru tagi en nefndar um eftirlit með lögreglu sem er í formi ytra eftirlits, einkum varðandi kvartanir frá borgurum vegna samskipta þeirra við lögreglu. Rétt er talið að hlutverk innra eftirlits sé nokkuð almennt orðað í lögum en að verkefni þess verði svo nánar útfærð í reglugerð á grundvelli 3. mgr. 5. gr. lögreglulaga um starfsemi ríkislögreglustjóra.

Loks er ekki fallist á tillögu LL um að breyta skuli skipan nefndar um eftirlit með lögreglu á þann hátt að LL eða ríkissaksóknara verði falið að tilnefna einn nefndarmanna. Þrátt fyrir að færa megi góð rök fyrir því að mikilvægt sé að nefndarmenn hafi yfirgripsmikla þekkingu á störfum lögreglu og jafnvel reynslu þar af, telur ráðuneytið nauðsynlegt að sjálfstæði, óhlutdrægni og ásýnd nefndarinnar að þessu leyti geti ekki verið á nokkurn hátt dregin í efa. Til að svo verði er talið að nefndarmenn, að undanskildum formanni, verði að vera tilnefndir af utanaðkomandi aðilum sem hafa ekki bein tengsl við starf lögreglu.

### *iii) Lögmannafélag Íslands (LÍ)*

Ráðuneytið tekur ekki undir þau sjónarmið LÍ að 1. mgr. 3. gr. a. frumvarpsins feli í sér óljósan lagagrundvöll fyrir eftirliti af hálfu lögreglu. Líkt og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í greinargerð er því ætlað að veita skýra lagastoð fyrir þeim almennu aðgerðum, greiningu og upplýsingaöflun sem lögregla viðhefur á sviði afbrotavarna. Slíkar aðgerðir grundvallast í dag á almennum ákvæðum laganna um hlutverk lögreglu en til að auka á skýrleika og gagnsæi er nú lagt til að sérstaklega verði kveðið á um aðgerðir af þessu tagi í ákvæði 1. mgr. 3. gr. Ráðuneytið áréttar að eftirlit á grundvelli þessa ákvæðis er almenns eðlis og beinist ekki að fyrir fram tilgreindum einstaklingum eða hópi einstaklinga líkt og eftirlit á grundvelli 2. mgr. 3. gr. a. heldur er um eftirlit á almannafæri að ræða sem hefur það að markmiði að draga úr afbrotum almennt. Ekki er því fýsilegt að takmarka eftirlit af þessu tagi við tiltekna brotaflokk eða brotategundir enda er lögreglu ætlað á grundvelli þessa ákvæðis að stemma stigu við afbrotum almennt í samræmi lögbundið hlutverk hennar. Þá lýtur öll greining og upplýsingaöflun sem fram fer á grundvelli ákvæðisins þeim

takmörkunum sem fram koma í lögum nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Vinnsla upplýsinga getur því aðeins farið fram ef þær eru unnar með lögmætum og sanngjörnum hætti og að vinnslan sé lögreglu nauðsynleg vegna verkefna í löggæslutilgangi. Að auki verða þær að vera fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og ekki unnar frekar í öðrum og ósamrýmanlegum tilgangi. Þá verða upplýsingar að vera nægilegar, viðeigandi og ekki langt umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar. Ákvæðið veitir því ekki lögreglu nokkrar heimildir til upplýsingaöflunar um almenna borgara umfram það sem nauðsynlegt er í löggæslutilgangi hverju sinni.

Ráðuneytið fellst ekki á þá tillögu LÍ að allar aðgerðir í þágu afbrotavarna sem frumvarpið mælir fyrir um verði háðar úrskurði dómara. Við mat á því hvort aðgerð skyldi vera háð úrskurði dómara var horft til eðlis hennar og umfangs að því er varðar inngríp í friðhelgi einkalífs þess sem hún beinist að. Að viðhafa eftirlit með einstaklingi á almannafæri, m.a. með eftirför á milli staða, er á meðal þeirra aðgerða af hálfu lögreglu sem hefur hvað minnsta inngríp í friðhelgi viðkomandi. Samskipti viðkomandi, hvort sem er í samtali við aðra eða í gegnum fjarskiptataeki, eru ekki skoðuð og ekki er lagt hald á einkaskjöl eða önnur gögn í fórum hans við framkvæmd eftirlitsins. Eftirlit af þessu tagi, sem almennt nefnist skygging, fer fram á grundvelli laga um meðferð sakamála og reglugerðar nr. 516/2011 um sérstakar rannsóknaraðferðir lögreglu. Ákvörðun um að viðhafa eftirlit á þeim grundvelli er tekin af lögreglustjóra eða öðrum yfirmanni og er ekki háð úrskurði dómstóla í neinu tilviki. Rétt er talið að samræmi skuli vera á milli sams konar aðgerða á grundvelli lögreglulaga og sakamálalaga og er því í frumvarpinu kveðið á um að eftirlit af þessu tagi skuli einnig ákveðið af lögreglustjóra eða öðrum yfirmanni. Önnur aðgerð sem frumvarpið mælir fyrir um, þ.e. heimild til haldlagningar hjá þriðja aðila, er hins vegar þess eðlis að inngríp í friðhelgi viðkomandi verður aðeins réttlætt að undangengnum dómsúrskurði.

*iv) Lögreglusjórinn á hcfuðborgarsvæðinu*  
Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við umsögnina.

*v) Lögreglan á Norðurlandi Eystra*  
Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við umsögnina.

*vi) Lögreglan á Norðurland Vestra*  
Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við umsögnina.

*vii) Lögreglusjórinn á Suðurnesjum*  
Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við umsögnina.

*viii) Lögreglan á Vesjörðum*  
Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við umsögnina.

*ix) Lögreglusjórafélag Íslands*  
Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við umsögnina.

*x) Mannréttindastofnun Íslands*  
Ráðuneytið tekur undir þau sjónarmið sem fram koma í umsögninni um að leynilegt eftirlit af hálfu lögreglu þurfi ávallt að vera *nauðsynlegt* og framkvæmt í skýrum tilgangi. Rík hliðsjón var enda höfð af sjónarmiðum þessum við samningu frumvarpsins og er m.a. ástæða þess að frumvarpið mælir aðeins fyrir um mjög afmarkaðar heimildir til að hafa annars vegar eftirlit með tilgreindum einstaklingum og hins vegar til að krefjast haldlagningar á gögnum hjá þriðja aðila. Ekki eru veittar neinar víðtækar heimildir til handa lögreglu til að hafa eftirlit með samskiptum, fjarskiptum eða annars konar rafrænu eftirliti gagnvart borgurunum í þágu afbrotavarna, líkt og þekkist í öðrum vestrænum ríkjum og tilgreindir dómur Mannréttindadómstóls Evrópu fjalla fyrst og fremst um.

Um þann hluta umsagnarinnar er varðar að skilyrða aðgerðir við úrskurð dómara vísast til þess sem fyrr greinir um umsögn LÍ sama efnis.

#### *xi) Nefnd um eftirlit með lögreglu (NEL)*

Þær breytingar sem lagðar eru til og varða hlutverk greiningardeildar er m.a. ætlað að hnykkja á hlutverki greiningardeildar sem miðlægrar einingar á landsvísu á sviði greiningar og upplýsingaöflunar. Starf deildarinnar að þessu leyti lýtur sömu reglum á sviði persónuverndar og sama eftirliti og gildir almennt um störf lögreglu. Ekki er því tekið undir sjónarmið NEL um að þörf sé á sérstöku utanaðkomandi eftirliti með greiningarstarfi deildarinnar.

Ráðuneytið telur ekki að tilvitnuð orð í greinargerð um heimild gæðastjóra til að koma með athugasemdir og tillögur að úrbótum séu heldur umfangsmiklar og skorti í raun lagastoð. Talið er að slíkt verklag, þ.e. að beina athugasemdum og tillögum til lögreglustjóra heyrir með skýrum hætti undir það hlutverk innra eftirlits að hafa eftirlit með að lögregla starfi í samræmi við lög og verklagsreglur. Til að eftirlit af þessu tagi geti náð markmiðum sínum og tilgangi er ljóst að því verði að fylgja heimild til að koma að athugasemdum og tillögum um úrbætur er varða starfshætti og verklag. Þá er gert ráð fyrir að sett verði nánari ákvæði um hlutverk, starf og verkefni innra eftirlits í reglugerð á grundvelli 3. mgr. 5. gr. laganna, þar sem m.a. verður mælt fyrir um heimild þessa efnis.

Ráðuneytið telur ekki nauðsynlegt að embætti gæðastjóra verði sett á fót hjá utanaðkomandi stjórnvaldi. Gæðaeftirlit af þessu tagi samrýmist vel því hlutverki ríkislögreglustjóra að hafa umsjón með málefnum lögreglu og að hafa með höndum samhæfingu og samræmingu í störfum lögreglu og að annast ákveðna miðlæga þjónustu við lögregluembættin. Embættið hefur til þessa sinnt afmörkuðu starfi á sviði innri endurskoðunar fyrir lögregluna í heild, m.a. með því að starfrækja og hafa eftirlit með LÖKE kerfinu. Frumvarpinu er því ætlað að styrkja verulega hlutverk embættisins að þessu leyti. Það liggur einnig í hlutarins eðli að innra eftirliti lögreglu skuli komið fyrir innan stjórnskipulags lögreglu. Utanaðkomandi eftirlit er þegar til staðar í formi nefndar um eftirlit með lögreglu. Til að tryggja sjálfstæði gæðastjóra gagnvart embættinu og öðrum lögregluembættum er lagt til að hann verði skipaður af ráðherra til fimm ára og að hann skuli vera sjálfstæður í störfum sínum.

Ráðuneytið gerir ekki frekari athugasemdir við umsögn NEL en ítrekar það sem fram kom á fundi með AMEN um að uppi hefur verið nokkur ágreiningur um hvernig skuli túlka heimild nefndarinnar til að fá aðgang að gögnum hjá lögreglu. Álitamál þetta er í skoðun hjá ráðuneytinu og ein leið sem kann að vera fær til að leysa úr því er að kveða nánar á um heimildir NEL til gagnaöflunar í reglugerð.

#### *xii) Persónuvernd (PV)*

Ráðuneytið tekur ekki undir þá fullyrðingu sem fram kemur í umsögn PV að frumvarpið feli í sér "miklar skerðingar" á friðhelgi einkalífs og vísar í því sambandi til dóms Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Big Brother Watch o.fl. gegn Bretlandi*. Frumvarp þetta felur þvert á móti í sér skýrt afmarkaðar heimildir til að hafa eftirlit með tilgreindum einstaklingum, en heimildir þessar eru annars vegar takmarkaðar að efni, eðli og umfangi með því að þær fela aðeins í sér eftirlit með ferðum viðkomandi á almannafæri og hins vegar eru þær takmarkaðar að því leyti að þeim verður aðeins beitt gegn einstaklingum sem hafa tengsl við skipulögð brotasamtök eða sem sérgreind hætta stafar af fyrir almannaöryggi, en með því er einkum átt við að hryðjuverkaógn sé til staðar. Heimildum frumvarpsins til eftirlits verður því ekki beitt gagnvart öðrum hópi einstaklinga eða með öðrum hætti en að fylgjast með ferðum á almannafæri. Heimildir til aðgerða af þessu tagi ganga því mun skemur og fela að mati ráðuneytisins ekki í sér miklar skerðingar á friðhelgi einkalífs samanborið við þær heimildir sem til umfjöllunar voru í tilvitnuðum dómi PV. Því til stuðnings skal enn og aftur bent á að sambærilegt eftirlit og lagt er til í frumvarpinu er nú þegar heimilt á grundvelli sakamálalaga og krefst ekki undangengins dómsúrskurðar, einmitt vegna þess að aðgerðin felur ekki í sér mikla skerðingu á friðhelgi einkalífs í samanburði við önnur þvingunarúrræði sakamálalaga sem háð eru dómsúrskurði. Engu að síður hafði ráðuneytið við samningu frumvarpsins til hliðsjónar þau sjónarmið sem fram

koma í almennri umfjöllun PV og þá ber einnig að nefna að gætt er að því að öll vinnsla persónuupplýsinga sem fram fer á grundvelli ákvæða frumvarpsins mun lúta þeim reglum sem gilda samkvæmt lögum um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi.

Ráðuneytið fellst ekki á þá tillögu PV að koma á fót utanaðkomandi eftirliti með aðgerðum á sviði afbrotvarna sem heyrir ekki undir framkvæmdarvaldið. Líkt og fram kemur í greinargerð eru heimildir sem frumvarpið veitir lögreglu til að sinna afbrotavörnum, einkum í þágu öryggis ríkisins, mun takmarkaðri en annars staðar á Norðurlöndum. Aðeins er kveðið á um þrönga heimild til að hafa eftirlit með tilteknum einstaklingum að uppfylltum nánari skilyrðum auk þvingunaraðgerðar sem undantekningarlaust krefst undangengins dómsúrskurðar. Þær beinast þannig að mjög afmörkuðum hópi en ekki hinum almenna borgara að neinu leyti, líkt og aðgerðir öryggisstofnana á Norðurlöndum og öðrum Vesturlöndum kunna að gera, t.d. varðandi aðgang að miklu magni lýsi- og fjarskiptagagna. Umfang hins óháða eftirlits sem nefnd um eftirlit með lögreglu er falið er því í samræmi við eðli, umfang og inngríp aðgerðanna og hefur einkum að markmiði að tryggja nauðsynlegt aðhald með störfum lögreglu og að einstaklingar sem sæta aðgerðum að ósekju geti leitað réttar síns. Að setja á fót sérstaka stofnun sem yrði óháð framkvæmdarvaldinu til þess eins að hafa eftirlit með þessum afmörkuðu aðgerðum lögreglu myndi að mati ráðuneytisins ekki vera í neinu samræmi við umfang og eðli aðgerðanna auk þess að stofna til óhóflegra útgjalda fyrir ríkissjóð. Tilvist slíkra eftirlitsstofnana á öðrum Norðurlöndum réttlætist og grundvallast á þeim viðamiklu heimildum sem öryggisþjónustur þessara landa hafa og starfa eftir, en slíkar heimildir er hvorki að finna í frumvarpi þessu né öðrum gildandi íslenskum lögum.

Ráðuneytið tekur undir athugasemd PV um að setja þurfi skýr tímamörk um hvenær lögregla skuli tilkynna NEL um aðgerð á sviði afbrotvarna. Ráðuneytið telur hins vegar, líkt og greinir í athugasemd við viðkomandi ákvæði í greinargerð frumvarpsins, að rétt sé að ráðherra kveði á um slíka tímafresti í reglugerð frekar en að þeir komi fram í lögnum. Þörf kann að vera á að endurmeta slíka tímafresti þegar reynsla er komin á beitingu ákvæðanna og því mikið hagræði fólgið í því að unnt verði að breyta tímafrestum í reglugerð frekar en með lagabreytingu.

Ráðuneytið fellst ekki á tillögu PV um að tilkynna skuli einstaklingi um að hann hafi sætti eftirliti af hálfu lögreglu nema í þeim tilvikum sem rannsóknarhagsmunir standa því í vegi. Í því sambandi ítrekar ráðuneytið það sem fram kemur í greinargerð um að eftirlit af hálfu nefndarinnar kemur í stað þess að lögreglu beri að tilkynna einstaklingi eftir á um að hann hafi sætt aðgerðum í þágu afbrotavarna. Ljóst er að tilkynningarskylda af því tagi væri til þess fallin að takmarka árangur og draga verulega úr skilvirkni slíkra aðgerða. Eðli aðgerða af þessu tagi er af slíkum meiði að löggæsluhagsmunir krefjast þess að þær sæti leynd gagnvart þeim sem aðgerðir beinast gegn og einmitt vegna þess er kveðið á um það fyrirkomulag að fela NEL að hafa eftirlit með lögmæti aðgerða. Veruleg hættu yrði á að aðgerðir lögreglu næðu ekki tilgangi sínum ef meta þyrfti hverju sinni hvort að tilkynna ætti einstaklingi um aðgerð sem að honum beinist, enda kann eftirlit af þessu tagi að tengjast öðrum sakamálarannsóknum á skipulagðri brotastarfsemi og getur því verið afar erfitt fyrir lögreglu að framkvæma slíkt mat í kjölfar þess að eftirliti er hætt. Sem dæmi má nefna að sú staða kann að verða uppi að tilteknir meðlimir í skipulögðum brotasamtökum séu undir eftirliti á grundvelli ákvæða frumvarpsins á sama tíma og aðrir meðlimir samtakanna sæta sakamálarannsókni. Ráðuneytið áréttar því að möguleikar einstaklinga til að leita réttar síns eru tryggðir í frumvarpinu með því að veita NEL heimild til að beina því til lögreglustjóra að tilkynna einstaklingi um eftirlit hafi það verið framkvæmt án þess að skilyrði laganna væru uppfyllt.

Með vísan til þess sem fyrr greinir um stöðu og hlutverk innra eftirlits og gæðastjóra lögreglu fellst ráðuneytið ekki á þá tillögu PV að gæðastjóri skuli vera skipaður af þingnefnd eða af öðrum aðila sem heyrir undir löggjafarvaldið.

Ráðuneytið tekur undir þá athugasemd að það kunni að vera nauðsynlegt að framkvæma mat á áhrifum vegna þeirra aðgerða sem frumvarpið mælir fyrir um samkvæmt 26. gr. laga nr. 75/2019 um

vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Samkvæmt því ákvæði skal ábyrgðaraðili, ef líklegt er að tiltekin tegund vinnslu geti haft í för með sér mikla áhættu fyrir réttindi og frelsi einstaklinga, einkum þar sem beitt er nýrri tækni og með hliðsjón af eðli, umfangi, samhengi og tilgangi vinnslunnar, láta fara fram mat á áhrifum fyrirhugaðra vinnsluaðgerða á vernd persónuupplýsinga áður en vinnslan hefst. Ábyrgðaraðili í þessu tilviki telst vera sá lögreglustjóri sem ber ábyrgð á vinnslu upplýsinga vegna aðgerða lögreglu. Af lestri ákvæðisins er ljóst að áhrifamat skv. 26. gr. laganna skal fyrst fara fram eftir að breytingar þær á lögreglulögum sem frumvarpið kveður á um hafa tekið gildi, enda getur ráðuneytið ekki talist vera ábyrgðaraðili vegna umræddrar vinnslu persónuupplýsinga samkvæmt lögum nr. 75/2019. Ráðuneytið gerir því ráð fyrir að persónuverndarfulltrúi lögreglu í samráði við lögregluembættin muni taka ákvörðun um hvort mat á áhrifum skuli fara fram í samræmi við 26. gr. þegar og ef frumvarpið verður að lögum. Við gerð hins almenna áhrifamats vegna frumvarpsins hafði ráðuneytið að sjálfsögðu hliðsjón af sjónarmiðum um vernd persónuupplýsinga og vó þar þyngst að öll vinnsla á persónuupplýsingum sem fram fer á grundvelli ákvæða frumvarpsins mun án vafa njóta verndar laga nr. 75/2019 um vinnslu persónuupplýsinga í löggæslutilgangi. Í því sambandi tekur ráðuneytið að öllu leyti undir lokaathugasemd PV um mikilvægi þess að við framangreinda vinnslu persónuupplýsinga verði gætt að meginreglum laga um vinnslu persónuupplýsingar í löggæslutilgangi, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 75/2019. Sérstaklega er mikilvægt að huga að þeirri meginreglu að persónuupplýsingar skuli fengnar í skýrt tilgreindum, lögmætum og málefnalegum tilgangi og að þær skuli ekki vera langt umfram það sem nauðsynlegt er miðað við tilgang vinnslunnar.

*xiii) Ríkislögreglustjóri*

Ráðuneytið gerir ekki athugasemd við umsögnina.

*xiv) Ríkissaksóknari*

Ráðuneytið telur að tillaga embættisins um að flytja forræði rannsókna á brotum gegn X. og XI. kafla almennra hegningarlaga frá embætti ríkislögreglustjóra yfir til héraðssaksóknara sé vel rökstudd og eigi að taka til frekari skoðunar. Hins vegar er talið að breyting af þessu tagi krefjist mikils undirbúnings og víðtæks samráðs við viðkomandi embætti. Er því lagt til að ráðuneytið taki tillögu ríkissaksóknara til nánari skoðunar en að hún verði ekki til umfjöllunar við frekari meðferð frumvarps þessa.